

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, miðvikudaginn 15. júní 2011, í máli nr. S-176/2011:

### Ákærvaldið

*(Guðrún Sveinsdóttir ftr.)*

**gegn**

**Reyni Erni Auðarsyni og**

**A**

*(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)*

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 27. apríl sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, útgefinni 1. febrúar 2011, á hendur Reyni Erni Auðarsyni, kt. 000000-0000, Kristnibraut 101, Reykjavík og A, kt. 000000-0000, [heimilisfang], „fyrir líkamsárás, með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 29. nóvember 2009, á skemmtistaðnum Spot að Bæjarlind 6 í Kópavogi, í félagi ráðist á Bjarka Birgisson, rífið hann á fætur þar sem hann sat við borð og slegið hann hnefahöggum andlit (sic), höfuð og líkama, með þeim afleiðingum að hann hlaut mar og bólgu við hægra auga, skurð við hægra auga og neðan við vinstri augabrún, rispúr og mar á hálsi og öxlum auk þess sem brotnaði upp úr tönn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu ákærðu er aðallega krafist sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá er þess krafist að sakarkostnaður, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun, verði að hluta eða öllu leyti lagður á ríkissjóð.

II.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu dags. 4. desember 2009, kom brotþoli í rannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu þann dag að eigin frumkvæði og lagði fram kæru vegna líkamsárásar sem hann hefði orðið fyrir á

veitingastaðnum Spot í Kópavogi aðfaranótt 29. nóvember sama ár.

Skýrði brotapolí svo frá að fyrr um kvöldið og fram yfir miðnætti þessa nótt hefði hann verið á jólahlaðborði á vegum vinnustaðar síns. Þegar komið hefði verið fram yfir miðnætti hefði hann setið við borðið þar sem þau hefðu matast fyrr um kvöldið ásamt kærustu sinni Guðrúnu Lilju og þau verið að bíða eftir því að vera sótt. Á meðan þau hefðu verið bíða þarna hefði sest við hliðina á honum maður að nafni A en fyrir aftan hann hefði stillt sér upp maður að nafni Reynir Örn Auðarson, en hann ynni sem dyravörður á staðnum, en hefði ekki verið við vinnu þetta kvöld. A hefði spurt hann hvort hann heiti Bjarki og hefði hann svarað því játandi. Hann hefði spurt hann á móti hver hann væri en ekki fengið svar við spurningu sinni. Hann hefði þá snúið sér aftur að borðinu og farið að tala við kærustu sína, en þá hefði ekki skipt neinum togum að hann hefði allt í einu verið rifinn á fætur og A og Reynir byrjað að kýla hann í höfuð, andlit og líkama. Líklega hefði verið um ein 10 högg að ræða. Sagðist brotapolí hafa dottið í gólfíð við högginn, en þá hefði bróðir hans, Ágúst Birgisson, komið honum til hjálpar og þá hefði hann náð að komast á fætur. Ágústi hefði tekist að ýta A og Reyni í burtu frá honum, en síðan hefði Reynir ráðist á sig aftur. Hefði komið þarna til átaka á milli hans og Reynis, en dyraverðir hefðu fljótlega komið þarna að og stöðvað átökin og vísað honum út úr húsinu. Brotapolí sagði að fötin sín hefðu öll verið rifin eftir þessi átök við Reyni og sagðist hann hafa endað nánast ber að ofan fyrir utan veitingahúsið. Sagðist hann hafa farið á slysadeild Landspítalans í Fossvogi þessa nótt vegna áverka sinna og fengið áverkavottorð.

Á meðal gagna málsins eru læknisvottorð slysa- og bráðadeildar Landspítala háskólasjúkrahúss í Fossvogi vegna brotapóla og beggja ákærðu.

Í vottorð Hlyns Þorsteinssonar læknis, dags. 18. desember 2009, segir að brotapolí hafi leitað á slysadeildina hinn 29. nóvember 2009 og verið skráður inn kl. 2:13. Hann hafi sagt að tveir menn hefðu ráðist á sig á skemmtistaðnum Spot, hrint honum í gólfíð og barið. Hann hafi fengið högg á andlit og lýst umtalsverðum verkjum í vinstri andlitshelmingi og lýst sársauka við að hreyfa kjálkalið. Þá hefði brotnað upp úr tönn.

Í vottorðinu segir að við skoðun sé sjúklingur marinn og bólginn bæði ofan og neðan við hægri auga. Svólítill skurður eða rispa sé rétt neðan við vinstri augabrún, sem ekki þurfi að sauma. Við skoðun í munni virðist vanta svólítið brot innanvert á endajaxl vinstra megin í efri gómi. Sjúklingur sé aumur yfir báðum kjálkaliðum en hann geti opnað munninn. Þá sé hann með rispur og mar á húð á hálsi neðanvert vinstra megin og þaðan út á vinstri öxlina. Af rispunum sé það að segja að þær séu þrjár vinstra megin á hálsi og ein rispa út á hægri öxlina. Ekki finnist fleiri eymsli í brjóstokassa eða kvið. Í vottorðinu eru áverkar brotapóla greindir sem yfirborðsáverkar og áverki á tönn.

Loks segir í vottorðinu að sjúklingur hafi komið til endurmats hinn 1. desember 2009. Við skoðun hafi hann enn verið svólítið mar og glóðarauga við vinstra auga og hafi það teygt sig yfir að nefinu. Einnig hafi mátt sjá bjúg liggja frá hægri nefbeini. Útlit brotapóla hafi ekki vakið upp grunsemdir um nefbrot.

Í vottorði Ásu Elísu Einarsdóttur læknis, dags. 1. febrúar 2010 segir að ákærði Reynir hafi leitað til slysadeildarinnar hinn 29. nóvember 2009 kl. 2:09. Hafi hann

sagst hafa lent í átökum við annan mann og fengið hnefahögg í andlit rétt neðan við nef. Við átökin hafi orðið mikil áreynsla á olnboga. Hafi hann verið að fá verk annað slagið í vinstri olnboga, sérstaklega við lyftingar og einnig við áreynslu.

Í vottorðinu segir að við skoðun hafi ekki verið að sjá mar eða bólgu yfir olnboga og hann hafi hvorki verið þreifiaumur yfir olnboganum né yfir vöðvafestum í olnboga. Þá hafi hann náð að rétt vel um olnboga, en fái verki við að beygja um liðinn. Þá hafi hann verið þreifiaumur yfir nefi en ekki hafi sést bólga eða mar í andliti.

Í vottorði sama lækni segir að ákærði A hafi leitað til slysadeildarinnar á sama tíma og meðákærði Reynir. Ákærði A hafi tjáð lækni að hann hefði verið í partyi, lent í slagsmálum og verið bitinn af öðrum manni í hálsinn. Í vottorðinu segir að við skoðun hafi sést smá hrufll vinstra megin á hálsinum, u.þ.b. 2 sm langt og þar í kring hafi einnig verið mar. Í ályktun vottorðsins segir að ákærði hafi sagst hafa hlotið mannabit á hálsi. Undirrituð hafi ekki séð sjúkling og ekki hafi verið lýst tannaförum en hins vegar bæði hrufli og mari sem gæti passað við bit.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum og hjá lögreglu eftir því sem þurfa þykir:

Ákærði Reynir Örn Auðarson neitaði sök. Hann sagði að umrætt kvöld hefði ónefndur strákur, sem verið hefði á jólahlaðborði á staðnum, komið til meðákærða A og kvartað yfir því að tvíburabræðurnir Ágúst og Bjarki hefðu haft í hótunum við hann allt kvöldið. Hefði strákurinn beðið A um að biðja bræðurna um að hætta að áreita hann. Hann sagði að þeir meðákærði hefðu farið til Bjarka, brotaþola í máli þessu, og meðákærði sest við hliðina á honum en sjálfur sagðist hann hafa staðið fyrir aftan þá, og stutt báðum höndum á sitt hvort stólbakið á stólum meðákærða og brotaþola. Hann sagði að meðákærði hefði sagt eitthvað við brotaþola og brotaþoli snúið sér að honum, en síðan snúið sér undan aftur og látið eins og meðákærði væri ekki þarna. Sagðist ákærði þá hafa tekið nokkuð harkalega með vinstri hendi í öxlina á brotaþola og sagt honum að hlusta á meðákærða. Hefði brotaþoli þá ýtt stólnum aftur fyrir sig, rokið upp og látið högginn dynja á ákærða og sagðist ákærði hafa varið sig. Hann sagði að mikið af fólki hefði verið þarna í kring og sagði ákærði að rífið hefði verið í hann, meðal annars í hárið á honum. Þeir brotaþoli hefðu síðan endað í gólfinu, en síðan sagðist ákærði hafa farið frá brotaþola. Ákærði sagði að meðákærði hefði setið rólegur þar til bróðir brotaþola kom þarna að til að hjálpa bróður sínum. Hefði bróðirinn farið í meðákærða og þeir slegist og hefði það endað með því bróðirinn beit meðákærða í hálsinn. Þessi slagsmál hefðu síðan verið stöðvuð af dyravörðunum.

Hann sagði að meðákærði hefði engan þátt átt í átökum við brotaþola. Hann sagði að meðákærði hefði setið rólegur á meðan hann hefði sjálfur verið að takast á við fjóra eða fimm. Þegar Ágúst, bróðir brotaþola, hefði hins vegar komið hlaupandi að þeim hefði meðákærði staðið upp og gripið Ágúst og hálfpartinn tekið hann í fangið. Hann sagðist hafa frétt að Ágúst hefði bitið meðákærða í hálsinn, meðákærði rífið Ágúst frá sér og þá hefði hluti af húð flest af hálsi meðákærða.

Hann sagði að framburður vitna um að þeir meðákærði hefðu rífið brotaþola upp af stólnum og kýlt hann margsinnis í andlit, höfuð og líkama væru rangir. Hann sagði að daginn eftir hefði verið haldinn fundur með þeim meðákærða, föður

tvíburabræðranna, brotþola og dyravörðum á staðnum og þar hefði verið ákveðið að engin kæra yrði lögð fram í málinu. Mjög misvísandi frásagnir hefðu komið fram á fundinum um atvikið.

Ákærði sagðist hafa unnið sem dyravörður á umræddum stað í tvo eða þrjá mánuði á þessum tíma, en umrætt kvöld hefði hann ekki verið við vinnu heldur að skemmta sér. Aðspurður sagðist hann ekki hafa verið miklum áfengisáhrifum þegar atvik málsins gerðust.

Aðspurður um áverka á brotþola sagði ákærði að hann ætti bággt með að trúá því að hann hefði valdið því að brotnaði upp úr tönn hjá brotþola þar sem hann hefði ekki verið sár á höndum eftir atvikið. Hann sagði að brotþoli og bróðir hans hefðu viðurkennt á áðurgreindum fundi að þeir væru slagsmálhundar og því sagðist ákærði halda að hluti áverkanna væru gamlir.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 19. janúar 2010, sem er í samræmi við framangreint. Þar sagði ákærði einnig að hann héldi að þeir brotþoli hefðu báðir dottið í gólfíð í átökunum. Bróðir brotþoli hefði komið honum til aðstoðar, en meðákærði hefði dregið hann í burtu. Eftir að þeir brotþoli stóðu upp hefðu átök á milli þeirra haldið áfram en dyraverðir hefðu gengið á milli þeirra og stöðvað átökin.

Ákærði A neitaði sök. Hann sagði að þeir meðákærði hefðu setið veitingastaðnum umrætt kvöld þegar strákur, sem væri 18 ára gamall sonur og bróðir fyrrverandi vinnufélaga hans, hefði komið til hans og tjáð honum að inni á staðnum væri strákur að nafni Bjarki sem væri að hóta honum öllu illu. Hefði strákurinn spurt hann að því hvort hann gæti talað við þennan Bjarka, þ.e. brotþola í máli þessu. Sagðist ákærði hafa samþykkt það og gengið ásamt meðákærða til brotþola og sest við hliðina á honum. Sagðist hann hafa spurt hann að því hvort hann væri Bjarki og hvort hann væri að hóta ungum dreng á staðnum. Í því hefði brotþoli snúið sér frá honum og þá hefði meðákærði tekið í öxlina á brotþoli og sagt við hann: „Horfðu á manninn!“. Brotþoli hefði þá staðið mjög snöggt upp og tekist á við meðákærða. Þegar brotþoli hefði staðið upp hefði stóll brotþola ýst aftur og farið í meðákærða. Hann sagði að sig minnti að brotþoli hefði kýlt meðákærða um leið og hann stóð upp og þá hefði meðákærði tekið á móti honum. Átök meðákærða og brotþola hefðu síðan borist í átt að barborðinu og sagðist ákærði þá hafa staðið upp og um leið séð tvíburabróður brotþola, Ágúst, koma hlaupandi og sagðist hann hafa gengið í veg fyrir hann. Þeim tveimur hefði þá lent saman. Meira hefði hann þá ekki séð af viðureign meðákærða og brotþola. Hann sagði að þeir Ágúst hefðu endað nálægt dansgólfinu og þar hefði Ágúst bitið hann í hálsinn. Þegar átökum þeirra lauk hefði allt verið búið á milli meðákærða og brotþola.

Ákærði sagði að framburður brotþola og vitna væri alrangur og sagðist hann aldrei hafa komið nálægt brotþola. Hann sagði að brotþoli og bróðir hans væru þekktir í Breiðholtinu fyrir slagsmál og margir væru hræddir við þá.

Aðspurður um áverka brotþola sagðist ákærði telja að brotnað hefði upp úr tönn brotþola áður en til umræddra átaka kom. Sagðist hann hafa hitt brotþola á fundi á veitingastaðnum daginn eftir og þá hefðu litlir áverkar verið á brotþola. Brotþoli hefði verið með smávægilegt glóðarauga og það hefði verið allt og sumt. Á þessum fundi hefðu einnig verið faðir tvíburabræðranna og dyraverðir á

staðnum. Fundurinn hefði gengið út á það að ná sáttum í málinu enda hefði ekki verið um alvarleg slagsmál að ræða. Hefði fundinum lokið með því að ekki yrði meira aðhafst í málinu.

Aðspurður kvaðst hann hafa verið undir áhrifum þetta kvöld, en ekki miklum þar sem hann hefði verið nýkominn á staðinn.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 3. febrúar 2010, sem samrýmist skýrslu hans fyrir dómnum.

Bjarki Birgisson sagðist hafa verið á jólahlaðborði á veitingastaðnum Spot með samstarfsfólki sínu umrætt kvöld. Sagðist hann hafa verið ölvaður og því myndi hann ekki alveg eftir öllum atvikum. Sagðist hann þó muna eftir að hafa setið við borð ásamt þáverandi kærustu sinni og beðið eftir fari heim. Hann sagði að fyrrverandi kærsta sín hefði setið ská á móti honum. Þá hefðu ákærði komið til hans og hefði ákærði A sest við hliðina á honum, en ákærði Reynir staðið fyrir aftan hann. A hefði spurt hann að nafni og hann svarað honum og síðan hefði hann einnig spurt ákærða að nafni. Sagðist hann ekki vita hvort ákærði svaraði honum, en það næsta sem hann vissi var að hann hefði verið rifinn harkalega upp af stólnum, sennilega af ákærða Reyni, og hefði hann því næst verið kýldur og laminn. Hann sagðist halda að ákærði Reynir hefði kýlt hann því hann hefði aðallega tekist á við hann, en þó hefði ákærði A einnig staðið upp um leið og ákærði Reynir reif hann upp á öxlinni. Sagðist hann hafa upplifað árásina í fyrstu þannig að ákærðu væru báðir að ráðast á hann. Aðspurður sagðist hann ekki muna eftir því hvort ákærði A sló hann, en ákærðu hefðu báðir verið í honum í skamma stund þar til tvíburabróðir hans, sem hefði verið þarna skammt frá, kom til að hjálpa honum, en þá sagðist brotþoli hafa verið kominn í gólfíð. Sagðist hann ekki hafa verið sleginn á meðan hann lá í gólfinu. Hann sagðist síðan hafa staðið upp og þá hefði tvíburabróðir hans verið farinn að takast á við ákærða A á meðan hann sjálfur hefði tekist á við ákærða Reyni. Allt hefði þetta gerst mjög hratt. Því næst hefðu öryggisverðir komið þarna að, en hann sagði að þeir hefðu ekki gert mikið til að skakka leikinn. Sagðist hann hafa fengið mikið af höggum á sig á meðan reynt var að stöðva átökin. Sagðist brotþoli hafa fengið langflest hnefahöggin í andlitið, enda hefði hann verið mjög bólginn í andlitinu á eftir. Hann sagðist ekki vita hversu mörg höggin voru, en þau hefðu komið í andlit, höfuð og líkama. Þá sagði brotþoli að föt sín hefðu rifnað. Sagðist hann hafa náð að verja sig eitthvað og náð að kýla ákærða Reyni nokkrum sinnum. Hann sagðist hins vegar ekki muna eftir að hafa kýlt ákærða A.

Brotþoli sagði að lýsing ákærðu á atburðarásinni væri ekki rétt, þ.e. að hann hefði staðið snögglega upp og byrjað að kýla ákærða Reyni. Sagðist brotþoli hafa lent í slagsmálum áður og sagðist alveg hafa vitað hvað stóð til þegar ákærðu, sem væru 10 árum eldri en hann, hefðu báðir komið til hans. Hann játaði því að hafa fengið á sig ákæru vegna líkamsárásar.

Brotþoli sagði að eftir að átökunum lauk hefði hann farið út og verið mjög reiður. Hefði hann ætlað að fara aftur inn og ráðast á ákærðu aftur, enda hefði hann verið ölvaður. Dyraverðirnir hefðu stoppað hann af og sagðist hann því hafa farið beint heim, en farið á slysadeild daginn eftir. Brotþola var þá bent á að samkvæmt framlögðu læknisvottorði hefði hann komið á slysadeild umrædda nótt kl. 2:13. Sagði brotþoli þá að það gæti verið. Brotþoli sagðist hafa verið blár og marinn í framan og sagðist hann varla hafa getað opnað augað vegna bólgu. Þá sagði

hann að brotnað hefði úr tönnum hjá honum.

Brotapoli sagðist hafa mætt á fund með ákærðu, föður sínum og dyravörðum á staðnum daginn eftir. Hann sagði að strákurinn, sem hefði tjáð ákærðu að hann hefði verið að hóta honum lífláti, væri yngri bróðir stráks sem hefði kært hann fyrir líkamsárás, en ákærði A væri vinnufélagi þess manns. Sagði brotapoli að þessi mál tengdust því nokkuð.

Ágúst Birgisson, bróðir brotapola, sagðist hafa setið ásamt félaganum sínum á veitingastaðnum Spot umrætt kvöld, skammt frá brotapola og kærustu hans, en þau hefðu verið á leið heim. Sagðist hann hafa séð tvo menn ganga að brotapola og tala við hann. Annar hvor manna hefði síðan annað hvort rífið brotapola upp úr sætinu eða brotapoli staðið sjálfur upp og því næst hefði annar ákærðu kýlt brotapola einu sinni til tvisvar með krepptum hnefa, sennilega í andlitið á brotapola því það hefði verið bólgið á eftir. Sagðist hann ekki hafa séð hvor ákærðu það var. Hann sagði að dimmt hefði verið inni á staðnum og því hefði hann ekki séð þetta almennilega. Sagðist hann þá hafa stokkið upp, en strax verið gripinn af ákærða A og sagðist hann hafa tekist á við hann og þeirra átök borist út á dansgólfið. Nánar aðspurður sagði ákærði að hann hefði upplifað atvik með þeim hætti að annar ákærðu hefðu rífið brotapola upp úr stólnum og að báðir ákærðu hefðu ráðist á brotapola, en hann sagðist ekki muna hvor gerði hvað. Hann sagði að rétt væri eftir sér haft í lögregluskýrslu um að hann gæti ekki sagt til um hvar högginn lentu á brotapola. Hann sagði að brotapola hefði snúið baki í hann meðan á átökunum stóð.

Lýsing ákærðu á atburðarásinni var borin undir vitnið og sagðist hann ekki kannast við að atvik hefðu gerst með þessum hætti. Hann sagðist hafa séð áverka á brotapola, þ.e. hann hefði verið bólgin í andlitinu. Aðspurður sagðist hann hafa verið undir áhrifum áfengis.

Vitni gaf skýrslu hjá lögreglu 14. janúar 2010, sem er í meginráttum í samræmi við framangreint. Þar sagði vitnið að annar ákærðu hefðu staðið fyrir aftan stól brotapola, en hinn staðið fyrir framan hann. Þeir hefðu rífið brotapola upp af stólnum og byrjað að berja á honum.

Guðrún Lilja Sigurbjörnsdóttir sagðist hafa verið kærasta brotapola á þessum tíma, en sagði að þau væru ekki lengur kærustupar. Kvaðst hún hafa verið á árhátíð á veitingastaðnum Spot í umrætt sinn og sagðist hafa setið við borð ásamt brotapola og einhverju af samstarfsfólki hans. Nýbúið hefði verið að opna fyrir almenning inn á staðinn þegar ákærðu hefðu komið til brotapola og spurt hvort hann hétu Bjarki. Brotapoli hefði litið á þá en ekki svarað þeim og snúið sér undan. Hefði þá annar ákærðu, sem hefði verið í rauðum bol, rífið eða kippt í stól brotapola og snúið stólnum og brotapola að sér og síðan hefði hann rífið brotapola upp af stólnum á öxlunum. Í kjölfarið hefðu brotist út mikil slagsmál á staðnum. Sagðist hún hafa séð að brotapoli var barinn í andlitið. Þá sagðist hún hafa séð brotapola ýta frá sér til að verja sig, en sagðist ekki geta sagt til um það hvort brotapoli sló ákærðu. Hún sagði að mikil þvaga af fólki myndast þarna, sem hefði reynt að ganga á milli. Sagðist hún hafa séð brotapola fara í gólfið. Þá hefði tvíburabróðir brotapola blandað sér í málið. Hún sagðist hafa farið út þegar slagsmálin brutust út og þegar brotapoli hefði komið út hefði skyrtan hans verið í henglum. Hún sagði að systir sín hefði náð í þau og farið með brotapola á slysadeild. Hún sagði að þar hefði komið í ljós að brotnað hafði upp úr tönnum hjá honum og þá hefði hann verið mjög marinn

næstu daga á eftir.

Þegar vitnið var spurt að því hvort báðir ákærðu hefðu ráðist á brotaþola sagði hún að það gæti verið að annar þeirra hefði bara staðið hjá. Framburður ákærðu var kynntur vitninu og sagði hún ekki rétt að brotaþoli hefði staðið snögglega upp og byrjað að kýla ákærðu, heldur hefði verið kippt snögglega í stól brotaþola og hann rifinn upp. Hún sagði að ákærðu hefðu báðir komið gangandi að brotaþola, en kvaðst ekki muna hvort þeir settust eða stóðu hjá brotaþola. Nánar aðspurð sagði hún þó að sig rámaði í að annar ákærðu hefðu sest við hlið brotaþola og talað við hann. Annar þeirra hefði sett höndina á öxl brotaþola og spurt hann hvort hann væri Bjarki. Sá hinn sami hefði síðan rífið í stól brotaþola. Aðspurð sagðist hún ekki hafa verið undir áhrifum áfengis þetta kvöld.

Hún sagðist hafa munað mun betur eftir atvikum þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu. Hún sagði að frásögn hennar ætti að vera rétt í lögregluskýrslu, þ.e. að báðir ákærðu hefðu ráðist á brotaþola og kýlt hann í andlit og höfuð.

Vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu 14. janúar 2010, sem er í meginráttum í samræmi við framangreint. Þar sagði vitnið að tveir menn hefðu komið að borðinu þar sem hún og brotaþoli sátu og hefði annar mannanna sest við hliðina á brotaþola, en hinn staðið fyrir aftan stól hans. Allt í einu hefði annar þessara manna rífið í stól brotaþola og snúið honum við og síðan hefðu mennirnir rífið hann upp af stólnum og byrjað að berja á honum.

Berglind Vala Halldórsdóttir sagðist hafa verið á jólahlaðborði með starfsfólki sínu í umrætt sinn og sagðist hafa staðið við borðið, sem hópurinn hafði setið við um kvöldið, þegar tveir menn hefðu komið að borðinu. Hefðu þeir tekið sér stöðu fyrir aftan brotaþola og kærustu hans, sem setið hefðu við borðið. Hún sagðist ekki hafa vitað fyrir en brotaþoli hefði verið rifinn upp af stólnum og síðan hefðu brotist út slagsmál. Hún sagði að þetta hefði gerst mjög hratt og átökin orðið að einni þvögu og því væri erfitt að segja til um hver gerði hvað. Kvaðst hún muna eftir brotaþola í gólfinu með annan ákærðu ofan á sér, en síðan hefði fólk byrjað að stía þeim í sundur. Þá hefði bróðir brotaþola reynt að hjálpa honum. Aðspurð sagði hún að annar ákærðu, sem hefði verið í rauðu að ofan, hefði rífið brotaþola upp af stólnum, en sagðist ekki vita hvor þeirra það var eða hvar hann tók í brotaþola, en sennilega hefði hann rífið brotaþol upp á öxlunum. Fyrir sér hefði þetta atvikast með þeim hætti að annar ákærðu hefði rífið brotaþola upp af stólnum og byrjað að berja hann og stuttu síðar hefði brotaþoli verið kominn í gólfíð. Hún sagðist muna eftir því að hafa séð að brotaþoli var kýldur í andlitið og þá hefði skyrtnan hans verið rífin í tætlur. Hún sagðist ekki muna hvor ákærðu kýldi brotaþola í andlitið. Þá kvaðst hún ekki geta sagt til um hvort báðir ákærðu kýldu brotaþola.

Framburður ákærðu var borinn undir vitnið og sagði hún að ekki væri rétt að annar ákærðu hefði lagt hönd á öxl brotaþola og að við það hefði brotaþoli staðið snögglega upp og byrjað að berja ákærðu. Hún sagði að sér hefði virst augljóst að ákærðu komu til brotaþola í þeim tilgangi að berja hann. Hún sagði aðspurð að hún hefði ekki verið undir miklum áfengisáhrifum þetta kvöld. Þá sagðist hún vera samstarfskona brotaþola.

Skýrsla vitnisins hjá lögreglu var borin undir vitnið. Kvaðst hún ekki muna eftir því nú að annar ákærðu hefðu setið við hliðina á brotaþola og að sá hefði byrjað að

kýla brotþola. Hún sagðist muna það eitt nú að báðir ákærðu hefðu komið til brotþola og átt einhver stutt samskipti við hann áður slagsmál brutust út.

Vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu 14. janúar 2010. Þar sagðist hún hafa staðið við borðið sem brotþoli og kærasta hans sátu við. Hefði þá komið að borðinu ókunnugur maður sem sest hefði við hliðina á brotþola. Annar ókunnugur maður sem einnig hefði komið þarna að borðinu hefði staðið fyrir aftan stól brotþola. Maðurinn sem sest hefði við hliðina á brotþola hefði farið að tala við hann, en síðan hefði brotþoli snúið sér aftur að kærustu sinni. Allt í einu og fyrirvaralaust hefði maðurinn, sem staðið hefði fyrir aftan brotþola, rifið hann upp af stólnum, en hinn byrjað að berja hann nokkrum höggum, sem hún hefði ekki séð betur en að lentu öll í andliti brotþola. Sagðist hún síðan hafa litið af mönnunum, en þegar hún hefði litið til þeirra aftur hefði hún sé að sá sem sló brotþola hefði verið í átökum við hann á gólfinu.

Sandra Sif Úlfarsdóttir sagðist hafa setið við borð með brotþola og fleira fólki þegar ákærðu hefðu komið báðir aftan að brotþola við borðið. Sagðist hún muna eftir að þeir stóðu báðir fyrir aftan brotþola. Annar þeirra hefði dregið stól brotþola að sér og frá borðinu og síðan rifið brotþola í burtu frá borðinu. Í framhaldinu hefðu brotist út slagsmál. Sagðist hún halda að sá, sem dregið hefði brotþola í burtu frá borðinu, hefði byrjað slagsmálin. Hún sagðist ekki geta sagt til um það hvort báðir ákærðu slógu brotþola, en sagðist a.m.k. hafa séð annan þeirra slá brotþola. Hún sagðist ekki hafa fylgst frekar með slagsmálunum og því gæti hún ekki skýrt nákvæmlega frá því hver gerði hvað. Hún sagði þó að annar ákærðu hefði kýlt brotþola og brotþoli hefði reynt að svara fyrir sig. Hún sagði að mikil þvaga hefði myndast kringum brotþola og ákærðu og því hefði hún ekki séð nákvæmlega hvað gerðist. Allt hefði þetta gerst mjög snögg.

Framburður ákærðu um að brotþoli hefði allt í einu staðið upp og ráðist á þá var borinn undir vitnið og sagði vitnið þá að fyrir sér hefði atburðarásin verið með þeim hætti að ákærðu hefðu ráðist á brotþola og dregið hann í burtu. Hún sagði að bróðir brotþoli hefði reynt að aðstoða hann. Hún sagðist muna eftir að skyrta brotþola hefði öll verið rífin á eftir. Hún sagðist ekkert tengjast brotþola, sen sagði að kærasti hennar hefði verið að vinna með brotþola. Aðspurð sagðist hún hafa drukkið eitt hvítvínsglas með matnum fyrr um kvöldið. Hún sagði að hún hefði munað betur eftir atvikum þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu og sagðist kannast við frásögn sína þar.

Vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu 10. janúar 2010. Þar sagði hún að brotþoli hefði ekki viljað tala við annan manninn og reynt að færa stólinn sem hann sat á að borðinu aftur. Mennirnir hefðu þá rifið sitt hvoru megin í brotþola og kippt honum upp af stólnum og frá borðinu. Sá þeirra, sem virst hefði ágengari við brotþola, hefði slegið til hans en hún sagðist ekki hafa séð nákvæmlega hvar höggið lenti, en það hefði annað hvort verið í öxlina eða á kjálkann. Sagðist hún hafa forðað sér, en síðan hefðu dyraverðir komið þarna að og gengið á milli og á meðan brotþola var haldið sagðist hún hafa séð manninn, sem hafði verið ágengari, ná að slá brotþola.

Ómar Aage Tryggvason, dyravörður á veitingastaðnum Spot, sagðist hafa staðið í aðalinngangi veitingastaðarins þegar tilkynning hefði komið í talstöðina um slagsmál á dansgólfinu. Sagðist hann hafa hlaupið inn og séð áflog í gangi. Vinstra megin í salnum hefðu tveir strákar verið að slást og berja hvorn annan. Sagðist

hann hafa þekkt annan þeirra, þ.e. ákærða Reyni, en hann hefði verið starfsmaður á veitingastaðnum. Sagðist hann hafa stíað þeim í sundur með því að ýta ákærða Reyni í burtu og róa hann niður. Hann sagðist hafa séð út undan sér að annar dyravörður var að reyna að stöðva önnur slagsmál hægra megin í salnum og að þriðji dyravörðurinn hélt stráknum, sem ákærði Reynir var að slást við. Hann sagðist ekki hafa séð ákærða A. Hann sagði að ákærði Reynir og brotapolí hefðu skipst á ókvæðisorðum og síðan hefðu þeir rífið sig lausa og þeim lent aftur saman. Sagðist hann þá hafa tekið ákærða Reyni í burtu og hinn dyravörðurinn hefði tekið í brotapolá og þeir ákveðið að stoppa þetta alveg. Hann sagði að þegar hann hefði verið að leiða ákærða Reyni í burtu hefði ákærði A komið á eftir þeim og verið með stórt bitfar á hálsinum. Sagðist hann hafa farið með ákærðu inn í eldhús, en hann sagðist ekki hafa vitað hvað varð af brotapolá og bróður hans.

Vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu 5. febrúar 2010, sem samrýmist framangreindu.

Halldóra Ólafsdóttir sagðist hún hafa verið á veitingastaðnum með ákærðu umrætt kvöld. Hún sagði einhver strákur hefði komið til þeirra og beðið ákærðu um að hjálpa sér því brotapolí hefði verið að hóta honum um kvöldið. Ákærðu hefðu því farið til brotapolá til að ræða við hann og hefði ákærði A sest við hliðina á honum, en ákærði Reynir staðið fyrir aftan brotapolá. Hún sagðist hafa séð að þeir voru að ræða saman og síðan hefði ákærði Reynir lagt höndina á öxl brotapolá og þá hefði brotapolí staðið snögglega upp og kýlt ákærða Reyni. Þeir hefðu síðan lent í áflogum. Bróðir brotapolá hefði síðan komið þarna að ætlað að ráðast líka á Reyni, en þá hefði ákærði A farið fyrir hann og síðan lent í átökum við bróðurinn á dansgólfinu. Sagðist hún hafa reynt að ná bróðurnum ofan af ákærða A. Hún sagði að bróðir brotapolá hefði bitið ákærða A í hálsinn. Hún sagði að ákærði A hefði verið með stórt bitfar á hálsinum á eftir og orðið að fara á slysavarðstofu um kvöldið vegna þess. Hún sagðist vera fyrrverandi maki ákærða A. Hún sagðist ekki hafa verið undir áhrifum áfengis, enda neytti hún ekki áfengis.

Sandra María Bergþórsdóttir sagðist hafa komið á veitingahúsið Spot umrætt kvöld og þar hefðu setið við borð brotapolí, kærasta og bróðir hans og tvær vinkonur vitnisins. Sagðist hún hafa sest við borðið hjá þeim og farið að spjalla við þau. Einhverjir tveir strákar hefðu allt í einu komið aftan að brotapolá, snúið stólnum sem hann sat á að sér og rætt eitthvað við hann. Brotapolí hefði þá snúið stólnum aftur að borðinu, en þá hefðu þessir menn rífið hann upp af stólnum og byrjað að berja brotapolá, þ.e. slá hann með krepptum hnefa í andlitið. Hún sagðist aðspurð ekki muna eftir að annar mannanna hefði sest niður. Hún sagði að báðir mennirnir hefðu tekið þátt í árásinni á brotapolá, en sagðist ekki geta sagt til um hvor þeirra gerði hvað. Annar hvor þeirra hefði hins vegar rífið í stól brotapolá og síðan hefði annað hvort þeir báðir eða annar hvor þeirra rífið brotapolá upp af stólnum. Hún sagðist ekki geta sagt til um það hvort báðir eða annar hvor þeirra kýldi brotapolá. Sagðist hún hafa forðað sér eftir að átökin byrjuðu og því ekki séð meira af þeim. Á eftir hefði skyrta brotapolá verið rifin og þá hefði brotapolí verið blóðugur. Hún sagði að ekki væri rétt að brotapolí hefði staðið upp og látið högginn dynja á ákærðu. Hún sagðist muna eftir að bróðir brotapolá hefði staðið upp til að aðstoða brotapolá. Hún sagðist aðspurð hafa verið undir áhrifum áfengis, en ekki miklum. Hún sagðist vera gamall vinur brotapolá.

Skýrsla vitnisins hjá lögreglu var kynnt fyrir vitninu og kvaðst hún kannast við hana og sagði að rétt væri eftir sér haft í skýrslunni. Sagðist hún hafa munað þetta

betur á þessum tíma. Hún sagðist þó stórefast um að báðir hefðu snúið stólnum, en sagði að báðir hefðu ráðist á brotaþola.

Vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu 29. janúar 2010. Þar sagði hún að mennirnir hefðu snúið stólnum sem brotaþoli sat á frá borðinu. Brotaþoli hefði snúið stólnum aftur að borðinu og þá hefðu mennirnir rífið brotaþola upp af stólnum og byrjað að berja hann.

Hlynur Þorsteinsson, sérfræðingur á bráða- og slysadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss. Hann staðfesti vottorð vegna brotaþola á skjali IV, 1-1. Hann sagði að um hefði verið að ræða yfirborðsáverka og áverka á tönn.

Ákærðu A og Reynir komu aftur fyrir dóminn og voru þeir inntir eftir því af hverju þeir hefðu ekki bent á vitnið Halldóru fyrr eða þegar þeir gáfu skýrslu við rannsókn málsins hjá lögreglu. Sögðu þeir þá báðir að þeir hefðu talið að málið væri ekki þess eðlis að það myndi fara fyrir dóm.

### III.

Í máli þessu er ákærðu gefið að sök að hafa í félagi ráðist á brotaþola, rífið hann á fætur þar sem hann sat við borð og slegið hann hnefahöggum í andlit, höfuð og líkama með þeim afleiðingum sem greinir í ákæru.

Brotaþoli hefur borið um það að hafa verið rifinn harkalega upp af stól sínum, sennilega af ákærða Reyni, og síðan hafi hann verið kýldur og laminn. Sagðist hann halda að ákærði Reynir hefði kýlt hann því hann hefði aðallega tekist á við hann. Hann sagðist ekki geta sagt til um það hvort ákærði A sló hann. Ákærði Reynir hefur einnig borið um það að hafa tekist á við brotaþola og kvaðst hann viðurkenna að hafa tekið nokkuð harkalega í öxlina á honum. Kvað hann ákærða A engan þátt hafa átt í átökunum við brotaþola.

Vitnið Ágúst hefur borið um það að annar ákærðu hefði rífið brotaþola upp úr sætinu og því næst kýlt brotaþola einu eða tveimur hnefahöggum, sennilega í andlitið. Á sama veg hefur borið vitnið Berglind Vala en hún sagði að hún hefði ekki vitað fyrr en annar ákærðu, sem hefði verið rauðklæddur að ofan, hefði rífið brotaþola upp af stólnum og byrjað að berja hann. Vitnin Guðrún Lilja, Sandra Sif og Sandra María hafa allar borið um það að annar ákærðu hefði rífið í stól brotaþola og snúið stólnum þannig að brotaþoli hefði snúið að ákærðu og frá borðinu. Sagði Guðrún Lilja að þessi sami ákærði hefði verið í rauðum bol. Guðrún Lilja og Sandra Sif sögðu að sá hinn sami og reif í stólinn hefði síðan rífið brotaþola upp af stólnum og frá borðinu, en Sandra María sagði að annað hvort báðir ákærðu eða annar hvor þeirra hefði rífið brotaþola upp af stólnum. Vitnin Guðrún Lilja og Berglind Vala sögðu að brotaþoli hefði verið rifinn upp af stólnum á öxlunum. Vitnin Guðrún Lilja, Berglind Vala Sandra Sif og Sandra María sögðu að brotaþoli hefði verið kýldur og sögðu vitnin Guðrún Lilja og Berglind Vala að brotaþoli hefði verið kýldur í andlitið. Ekkert framangreindra vitna gat borið um það hvor ákærðu kýldu brotaþola eða hvort ákærðu kýldu hann báðir. Sum vitnanna báru um að hafa séð a.m.k. annan ákærðu berja brotaþola, þ.e. slá hann með krepptum hnefa í andlitið. Ljóst þykir af framburðum vitnanna að sá ákærðu, sem

reif brotþola upp af stólnum, kýldi hann í andlitið. Framburður allra þessara vitna þykir trúverðugur þó að framburður þeirra hafi borið þess nokkur merki hversu langt er um liðið frá því að atvik málsins áttu sér stað.

Framburður vitnisins Halldóru kom fyrst fram við framhaldsaðalmeðferð. Í ljósi þess, tengsla vitnisins við ákærða A og þess að framburðurinn er mjög á skjön við framburð allra annarra vitna í málinu þykir hann ótrúverðugur. Verður ekki byggt á honum við meðferð málsins.

Ljóst er af framburði vitnanna Ágústs, Guðrúnar Lilju, Berglindar Völu, Söndru Sifjar og Söndru Maríu að framangreind atburðarás gerðist mjög hratt. Þá er ljóst að ákærði A átti í átökum við bróður brotþola, Ágúst, á meðan ákærði Reynir tókst á við brotþola, samanber og framburð dyravarðarins Ómars Aage. Í ljósi framangreinds, framburðar ákærða Reynis, brotþola og annarra vitna í málinu þykir í ljós leitt svo hafi sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði Reynir Örn réðst á brotþola, reif hann á fætur þar sem hann sat við borð og sló hann að fyrra bragði hnefahöggum í andlit og höfuð með þeim afleiðingum sem greinir í ákæru. Með hliðsjón af framburði vitna þykir hins vegar ósannað að ákærði Reynir hafi slegið brotþola í líkamann, en með hliðsjón af því að ákærði Reynir reif brotþola upp af stólnum á öxlunum þykir ljóst að rispur og mar á hálsi og öxlum séu afleiðingar árásarinnar.

Með hliðsjón af framburði ákærða Reynis, brotþola og annarra vitna í málinu þykir hins vegar slíkur vafi vera uppi um þátt ákærða A í árásinni á brotþola að ekki verði hjá því komist að sýkna hann af kröfum ákæruvalds.

Niðurstaða málsins er því sú að ákærði Reynir er sakfelldur fyrir þá háttsemi sem greinir í ákæru, að því tilskyldu að ekki þykir sannað að hann hafi slegið brotþola hnefahöggum í líkama. Ákærði A er hins vegar sýknaður af refsikröfu ákæruvalds.

Háttsemi ákærða Reynis er réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákærinni.

Samkvæmt sakavottorði gekkst ákærði Reynir Örn á árunum 2002 og 2003 alls þrisvar undir lögreglustjórasátt vegna hraðakstur, sviptingarasturs og ölvunaraksturs. Síðast var ákærði hinn 31. janúar 2005 dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir húsbrot. Sakarferill ákærða hefur ekki áhrif á ákvörðun refsingar í málinu.

Refsing ákærða Reynis þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Í ljósi þess að um 12 mánuðir liðu frá því að rannsókn lauk og þar til ákæra var gefin út í málinu þykir rétt að binda refsinguna skilorði eins og nánar greinir í dómsorði.

Sakarkostnaður nemur alls 407.550 krónum og eru þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sveins Andra Sveinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 376.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði Reynir Örn greiði helming þessa sakarkostnaðar eða 203.775 krónur, en helmingur sakarkostnaðar er felldur á ríkissjóð.

Dóm þennan kveður upp Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari. Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

**Dómsorð:**

Ákærði, A, er sýkn af kröfum ákærvalds í máli þessu.

Ákærði, Reynir Örn Auðarson, sæti fangelsi í 30 daga en fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. nr. 19/1940.

Ákærði, Reynir Örn, greiði helming alls sakarkostnaðar, sem er alls að fjárhæð 407.550 krónur að meðtöldum málsvarnarlaunum skipaðs verjanda ákærðu, Sveins Andra Sveinssonar hrl., 376.500 krónur, en helmingur sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Ragnheiður Bragadóttir

Rétt endurrit staðfestir.

Héraðsdómi Reykjaness 15.06.2011.